

EFS

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Ársskýrsla 2011

Apríl 2012

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Skipan eftirlitsnefndar og starfsmaður	4
3. Hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga	5
3.1 Aðgerðir nefndarinnar og skyldur sveitarstjórna	5
3.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir.....	5
4. Þróun fjármála sveitarfélaga.....	7
4.1 Verðlagsþróun	7
4.2 Heildartekjur.....	8
4.3 Rekstrarútgjöld	8
4.4 Framlegð (EBITDAR).....	10
4.5 Skuldir og skuldbindingar	10
5. Starfsemin árið 2011	13
5.1 Viðmiðanir og lykiltölur.....	13
5.2 Samskipti eftirlitsnefndar við sveitarstjórnir.....	14
6. Sérstakar aðgerðir – Samningar við sveitarfélög	17
6.1 Svalbarðshreppur.....	17
6.2 Vesturbyggð	17
6.3 Sandgerðisbær	18
6.4 Sveitarfélagið Álftanes	18
6.5 Bolungarvíkurkaupstaður	18
6.6. Endurfjármögnun hjá erlendum fjármálastofnunum	19
7. Ný sveitarstjórnarlög	20
8. Yfirlit um helstu fjárhæðir og kennitölur	20

1. Inngangur

Í ársskýrslu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) fyrir árið 2010 var m.a. vikið að því að mörg sveitarfélög ættu í erfiðleikum með að ná jafnvægi í rekstri auk þess sem nokkur þeirra ættu í verulegum vanda vegna endurfjármögnunar lána hjá erlendum lánastofnunum. Miklar fjárfestingar og veruleg skuldsetning á undanförunum árum á mikinn þátt í þessum vanda. Þótt víða hafi verið gert átak í hagræðingu í rekstri jafnframt því sem tekist hefur að endurfjármagna erlend lán, þótt til skamms tíma sé, er ljóst að enn þarf víða að gera betur í hagræðingu og lækkun skulda. Hefur eftirlitsnefndin sett fram og birt sveitarfélögum tiltekin viðmið um framlegð í rekstri og skuldaþak.

Í þessari skýrslu verður fjallað um úrvinnslu ársreikninga ársins 2010 og þróun fjármála sveitarfélaga á því ári með samanburði við fyrri ár jafnframt því sem vikið verður að fjárhagsáætlunum fyrir árið 2011. Ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 2011 liggja ekki að fullu fyrir þegar þessi skýrsla er rituð en úrvinnsla þeirra og yfirferð fjárhagsáætlana fyrir árið 2012 mun fara fram á næstu vikum.

Í septembermánuði á sl. ári sendi eftirlitsnefndin öllum sveitarstjórnnum bréf með samandregnum upplýsingum úr rafrænum skilum sveitarfélaganna á ársreikningum þeirra fyrir árið 2010. Heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta reikningsskilanna lækkuðu úr 154% af heildartekjum árið 2009 í 146% á árinu 2010, eða úr 262 milljörðum króna í 254 milljarða. Heildarskuldir A- og B-hluta, þ.e. samstæðu sveitarfélaga, lækkuðu á sama tíma úr 269% af heildartekjum í 255%, eða úr 599 milljörðum króna í 586 milljarða. Auk niðurstöðu ársreikninga fyrir árin 2008–2010 má til samanburðar sjá á mynd 7, hvernig sveitarfélögin hafa áætlað fjármál sín fyrir árið 2011. Meðfylgjandi bréfinu var yfirlit fyrir A-hluta reikningsskila sveitarfélaga annars vegar og fyrir A- og B-hluta hins vegar. Yfirlitið sýnir nokkrar fjárhæðir og lykiltölur um niðurstöður fjármála sveitarfélaga samkvæmt rafrænum skilum þeirra á ársreikningum 2010. Fylgir yfirlitið með skýrslu þessari.

Nefndin hefur á undanförunum árum vakið athygli á nokkrum þáttum í rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélaga þegar afkoma og/eða fjárhagsstaða stefnir fjármálum sveitarfélags í óvissu að mati nefndarinnar. Þetta hefur hún m.a. gert með því að birta sveitarfélögum tiltekin viðmið og lykiltölur sem eru mikilvæg við mat á rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu þeirra.

Nefndin hefur sem fyrr lagt áherslu á að mjög skuldsett sveitarfélög reyni með öllum tiltækum ráðum að lækka skuldir sínar því fjármagnskostnaður hefur reynst mörgum sveitarfélögum þungur baggi, sem skerðir mjög ráðstöfunarfé þeirra.

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi frá og með 1. janúar 2012. Í 64. gr. laganna er að finna viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu þar sem annars vegar er um að ræða viðmið um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og hins vegar að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum, en ákvæðin um tiltekið skuldaþak er nýmæli í lögnum. Nánar

verður vikið að köflunum um fjármál og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í lögnum síðar í skýrslunni.

2. Skipan eftirlitsnefndar og starfsmaður

Aðalmenn

Ólafur Nilsson, formaður
Þórður Skúlason
Hafdís Þóra Karlsdóttir

Varamenn

Hermann Sæmundsson
Guðmundur Fr. Sigurðsson
Halldór V. Kristjánsson

Gunnlaugur Júlíusson, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Jóhannes Finnur Halldórsson, frá innanríkisráðuneyti, sitja fundi nefndarinnar.

Starfsmaður

Eiríkur Benónýsson

Í lok ársins 2011 lét Hafdís Þóra Karlsdóttir af störfum í nefndinni að eigin ósk eftir liðlega þriggja ára setu. Sæti Hafdísar tekur Guðlaug Sigurðardóttir, fjármálastjóri hjá Landsneti hf. Guðlaug var á árum áður fjármálastjóri Sveitarfélagsins Árborgar og hefur haldgóða reynslu af fjármálastjórn og fjármálum sveitarfélaga.

3. Hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Á árinu 2011 starfaði eftirlitsnefndin samkvæmt VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og reglugerð nr. 374/2001 um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012 og verður vikið að þeim síðar í skýrslunni. Hlutverk eftirlitsnefndarinnar samkvæmt lögnum frá 1998 er að fylgjast með reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og hafa eftirlit með því að fjárstjórn þeirra sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Leiði athugun nefndarinnar í ljós að svo sé ekki eða að fjármál sveitarfélags stefni að öðru leyti í óefni skal nefndin aðvara viðkomandi sveitarstjórn og kalla eftir skýringum. Í slíkum tilvikum er sveitarstjórn skylt að gera eftirlitsnefndinni grein fyrir hvernig hún hyggst bregðast við aðvörum nefndarinnar innan tveggja mánaða.

3.1 Aðgerðir nefndarinnar og skyldur sveitarstjórna

Komist sveitarfélag í fjárþröng og sveitarstjórn telur sér ekki unnt að standa í skilum skal hún tilkynna það eftirlitsnefndinni. Nefndin lætur þá rannsaka fjárreiður og rekstur sveitarfélagsins og leggur síðan fyrir sveitarstjórn að bæta úr því sem áfátt kann að reynast. Telji eftirlitsnefndin að fjárhagur sveitarfélags sé svo slæmur að það geti ekki með eðlilegum rekstri staðið undir lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum, eða hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar, er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar á fjárhagsvandannum. Getur innanríkisráðuneytið að tillögu eftirlitsnefndar heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í slíkum tilvikum að leggja álag á útsvar og fasteignaskatt sem nemi allt að 25%.

Þegar greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu er svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð getur ráðherra, að tillögu eftirlitsnefndar, svipt sveitarstjórn fjárforráðum og skipað sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn enda hafi sveitarstjórn vanrækt skyldur sínar samkvæmt sveitarstjórnarlögum og fjármál sveitarfélagsins verið í ólestri.

3.2 Fyrirbyggjandi aðgerðir

Verkefni eftirlitsnefndar beinast fyrst og fremst að fyrirbyggjandi aðgerðum. Þeim sinnir nefndin með því að vekja athygli á tilteknum þáttum í rekstri og efnahag sveitarfélaga sem ekki eru í samræmi við viðmið nefndarinnar og/eða með viðvörnum ef fjármál sveitarfélags virðast stefna í óefni. Matsatriði er ávallt hvort og þá hvenær á að vekja athygli á slíkum þáttum eða afla frekari upplýsinga um einstök tilvik eða horfur. Á árinu 2011 sendi eftirlitsnefndin öllum sveitarstjórnnum bréf með yfirliti um nokkrar lykiltölur úr ársreikningum allra sveitarfélaga í landinu og verður vikið nánar að því síðar í skýrslunni.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber sveitarstjórn ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins og að farið sé að þeim reglum sem lög kveða á um. Ef fjármálin stefna í óefni eða sveitarfélag kemst í fjárþröng ber sveitarstjórn að grípa til aðgerða og jafnframt að senda eftirlitsnefnd tilkynningu um stöðuna.

4. Þróun fjármála sveitarfélaga


Í þessum kafla verður gerð nokkur grein fyrir þróun fjármála sveitarfélaga 2010 til 2011 og lögð áhersla á A-hluta starfseminnar. A-hlutinn tekur til aðalsjóðs sveitarfélaga og á þeim grundvallast rekstur þeirra. Í mörgum tilfellum eru sveitarsjóðirnir einnig í ábyrgð fyrir fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaganna sem falla undir B-hluta starfseminnar. Í umfjöllun hér á eftir eru fjárhæðir annars vegar vegna A-hluta reikningsskila og hins vegar fyrir samstæðu reikningsskila A- og B-hluta og eru þær settar fram í sviga. Allar fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og því er nauðsynlegt að hafa í huga verðlagsþróun á tímabilinu við nánari samanburð á fjárhæðum. Rétt er að taka fram að fjárhæðir vegna ársins 2011 byggjast á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna eins og þær lágu fyrir í byrjun árs 2011.

Fjármál sveitarfélaga hafa frá árinu 2008 markast nokkuð af hruni fjármálakerfisins. Ljóst er að fall krónunnar og mikil verðbólga hefur sett mark sitt á fjármál margra sveitarfélaga. Þessi áföll hafa þó komið misjafnlega hart niður á sveitarfélögunum. Mörg þeirra höfðu til að mynda ekki tekið lán í erlendum gjaldmiðlum þegar efnahagshrunið varð.

4.1 Verðlagsþróun

Sé litið til verðlagsþróunar hér á landi þá sýnir mynd 1 þróun vísitölu neysluverðs árin 2006–2011.


Mynd 1



4.2 Heildartekjur

Heildartekjur sveitarfélaganna hafa á tímabilinu 2007–2010 vaxið úr 163 mkr. (A+B 203.497 mkr.) í 173 mkr. (229.563 mkr.) eða um 6,3% (12,8%).

Mynd 2




Í áætlun um heildartekjur árið 2011 er gert ráð fyrir hækkun frá árinu 2010 um 1,6% (3,3%). Í fjárhagsáætlunum ársins 2011 er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélaganna vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga verði um 10,7 mkr. Ef ekki kæmi til þessara tekna gerðu áætlanir ráð fyrir 4,6% tekjulækkun í A-hluta starfseminnar milli árunna 2010 og 2011. Þegar horft er til þróunar á heildartekjum og verðlagsþróunar á tímabilinu 2007–2010 er ljóst að rauntekjur sveitarfélaganna hafa lækkað verulega.

4.3 Rekstrarútgjöld

Rekstrarútgjöld sveitarfélaganna (án afskrifta) hafa á tímabilinu 2007–2010 aukist úr 137 mkr. (A+B 158 mkr.) í áætlaða 162 mkr. (191 mkr.), eða um 18,2% (20,4%). Mynd 3 sýnir þróun fjárhæða fyrir árin 2007–2010 og áætlun 2011. Stærsti hluti aukningarinnar er hækkun launa á milli árunna 2007–2009 en annar rekstrarkostnaður hækkar einnig nokkuð milli árunna 2007–2008. Við skoðun á áætlunum fyrir árið 2011 er rétt að hafa í huga kostnað vegna yfirfærslu málefna fatlaðra en í þessum samanburði er gert ráð fyrir að hann sé jafn hár tekjum eða 10,7 mkr. Að teknu tilliti til þessa kostnaðar er áætlað að rekstrarútgjöld A-hluta verði nær óbreytt á milli árunna 2010–2011.

Mynd 3




Við framsetningu á öðrum rekstrarkostnaði fyrir árin 2007–2009 eru leigugreiðslur vegna langtímasamninga um fasteignir ekki meðtaldar. Á árinu 2010 varð sú breyting á reikningsskilum sveitarfélaga að leiguskuldbindingar til langs tíma vegna fasteigna voru færðar til skuldar og „leigugreiðslurnar“ skiptust á afborganir og fjármagnskostnað.

4.4 Framlegð (EBITDAR)

Við samanburð á framlegð er litið til framlegðar fyrir leigugreiðslur (EBITDAR). Á mynd 4 sést þróunin fyrir árin 2007–2010 og áætlun ársins 2011. Árið 2007 var samanlögð framlegð sem hlutfall af heildartekjum 16,1% (A+B 22,7%) en 6,7% (17,0%) árið 2010. Áætlað er að framlegð ársins 2011 aukist og verði 8,1% (19,5%).

Mynd 4




Á árinu 2010 setti eftirlitsnefndin sér vinnureglur um tiltekin viðmið varðandi heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, sem og um framlegð rekstrar í A-hluta reikningsskilanna. Er við það miðað að til frekari skoðunar komi á fjármálum sveitarfélags þar sem heildarskuldir eru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna. Jafnframt er litið til peningalegra eigna á móti skuldum, framlegðar frá rekstri og fleiri þátta. Framlegð úr rekstri er takmarkandi þáttur á möguleika sveitarfélags til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum, auk nýrra fjárfestinga. Eftirlitsnefndin setti einnig fram viðmið um 15 til 20% framlegð frá rekstri til að standa undir framtíðarskuldbindingum sem nema 150% af heildartekjum. Sé litið til þróunar samanlagðrar framlegðar sveitarfélaganna má ljóst vera að nokkur hagræðing þarf að eiga sér stað í rekstri þeirra svo viðmiði nefndarinnar verði náð. Þó ber að hafa í huga að staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn og greiningin sem hér er tíunduð tekur mið af samanlagðri stöðu þeirra.

4.5 Skuldir og skuldbindingar

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna hafa vaxið úr 172 mkr. (A+B 337 mkr.) í 254 mkr. (586 mkr.) á tímabilinu 2007–2010, eða um 47,8% (74,0%). Nettó skuldir (heildarskuldir að frádregnum peningalegum eignum án eigin fyrirtækja) hafa á sama tímabili

vaxið úr 89 mkr. (232 mkr.) í 179 mkr. (469 mkr.) eða um 202,0% (202,2%). Áætlanir fyrir árið 2011 gera ráð fyrir nokkuð svipuðum skuldum og skuldbindingum og voru í árslok 2010. Mynd 5 sýnir þróunina á umræddu tímabili.

Myndir 5 og 6



Heildarskuldir og skuldbindingar sem hundraðshluti af heildartekjum (mynd 6) námu 105% (A+B 165%) árið 2007 en voru 146% (255%) árið 2010. Áætlun fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir svipuðu hlutfalli og var 2010. Nettó skuldir (heildarskuldir að frádrögnum peningalegum

eignum án eigin fyrirtækja) hafa á tímabilinu 2007–2010 vaxið úr 54% (114%) í 103% (204%) árið 2010.

Eins og áður segir hefur eftirlitsnefndin sett sér viðmið um 15–20% framlegð frá rekstri og er þá miðað við 150% skuldahlutfall. Miðað við áætlaðar skuldir árið 2011 er gert ráð fyrir að nettó skuldir og skuldbindingar verði um 102% (mynd 6) og að áætluð framlegð verði um 8,1% (mynd 3). Allt frá árinu 2008, þegar framlegðin var lægst eða 4,7%, hefur rekstur sveitarfélaganna verið að styrkjast. Þegar litið er á samanlagðan rekstur er hægt að miða við að þegar framlegðin nær 10–12% og nettó skuldahlutfallið er um 100% sé ákveðnu jafnvægi náð varðandi getu til að greiða skuldir. Þó ber að hafa í huga að viðmið eftirlitsnefndarinnar nær ekki til fjárfestingar og því þarf framlegðin að vera umfram viðmið til að standa einnig undir henni.

5. Starfsemin árið 2011

Á árinu 2011 hélt eftirlitsnefndin 16 formlega fundi, auk funda starfsmanns og fulltrúa nefndarinnar með stjórnendum nokkurra sveitarfélaga.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2011, sem og þriggja ára áætlanir, voru til umfjöllunar hjá nefndinni og úrvinnsla og yfirferð ársreikninga fyrir árið 2010. Samkvæmt fjárhagsáætlunum fyrir rekstrarárið 2011 gerðu 23 (28 árið 2010) sveitarfélög ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu í A-hluta reikningsskilanna, þ.e. aðalsjóði, og 22 (34 árið 2010) gerðu ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir samstæðu reikningsskilanna, þ.e. með fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélaganna. Eftir nánari skoðun á greinargerðum sveitarfélaga um hallarekstur var nokkrum þeirra ritað bréf þar sem ýmist var óskað nánari upplýsinga og/eða viðkomandi sveitarfélögum var gert viðvart vegna rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu.

Sveitarfélögum er lögum samkvæmt skylt að ljúka fullnaðarafgreiðslu ársreiknings eigi síðar en 1. júní ár hvert. Við yfirferð á ársreikningum ársins 2010 kom fram að 38 (39 árið 2009) sveitarfélög skiluðu A-hluta, þ.e. aðalsjóði, með neikvæðri rekstrarniðurstöðu og 36 (46 árið 2009) sveitarfélög skiluðu neikvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir samstæðureikninginn.

Við skoðun nefndarinnar á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna var m.a. litið til helstu kennitalna úr ársreikningum þeirra. Mikilvægur mælikvarði við mat á fjárhagsstöðunni eru skuldir og skuldbindingar í hlutfalli við heildartekjur, framlegð rekstrar og veltufé frá rekstri. Neikvæð þróun skulda á síðustu árum hefur sett mark sitt á fjárhag margra sveitarfélaga ásamt því að ekki hefur tekist að hagræða í rekstri til að mæta auknum fjármagnskostnaði og afborgunum lána. Þörf fyrir endurfjármögnun lána var einnig sérstaklega skoðuð og sér í lagi gagnvart erlendum lánastofnunum.

Í þeim tilvikum sem nefndinni þótti ástæða til, í ljósi niðurstaðna við samanburð á lykiltölum og viðmiðunum, óskaði hún eftir upplýsingum frá átta sveitarfélögum, ýmist bréflaga eða á fundum með stjórnendum þeirra. Þar var upplýst um álit nefndarinnar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins, ákveðnum viðvörðunum komið á framfæri og óskað eftir nánari upplýsingum. Í samskiptum nefndarinnar við sveitarfélögin kom hún á framfæri viðmiðunum sínum um samspil skulda, framlegðar frá rekstri og veltufjár frá rekstri og mikilvægi þess að lækka skuldir. Einnig komu forsvarsmenn sveitarfélaganna til skila ýmsum frekari upplýsingum og útskýringum á fjármálum viðkomandi sveitarfélags, auk þess að fá nánari upplýsingar um áherslur nefndarinnar.

5.1 Viðmiðanir og lykiltölur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 skal eftirlitsnefndin gera samanburð á hinum ýmsu þáttum reikningsskila sveitarfélaga, reikna út lykiltölur og bera þær saman við viðmið

samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 374/2001. Jafnframt getur nefndin reiknað aðrar lykiltölur og notað þær við mat á afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Í 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 segir að sveitarstjórn skuli árlega gæta þess, svo sem kostur er, að heildarútgjöld sveitarfélags fari ekki fram úr heildartekjum þess. Mörgum sveitarfélögum hefur ekki tekist að skila rekstri í jafnvægi sem, ásamt nýjum fjárfestingum, hefur í mörgum tilvikum leitt til verulega aukinnar skuldsetningar.

Hér er vísað til sveitarstjórnarlaga sem voru í gildi til ársloka 2011 en ný lög tóku gildi í ársbyrjun 2012 og verður vikið að þeim síðar í skýrslunni.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á nokkur grundvallarviðmið við samanburð á rekstri og fjárhagsstöðu A-hluta reikningskila. Viðmiðin eru eftirtalin:

Úr rekstri:

1. Heildartekjur, þ.e. allar rekstrartekjur, sem jafnframt eru reiknaðar á hvern íbúa
2. Laun og annar rekstrarkostnaður
3. Framlegð (EBITDA), þ.e. heildartekjur að frádrögnum rekstrargjöldum, öðrum en afskriftum af rekstrarfjármunum og fjármagnskostnaði, jafnframt reiknuð sem hlutfall af heildartekjum
4. Rekstrarniðurstaða

Úr sjóðstreymi:

5. Veltufé frá rekstri
6. Fjárfestingarhreyfingar

Úr efnahagsreikningi:

7. Veltufjárhlutfall
8. Veltufjármunir og langtímakröfur
9. Skuldir, þ.m.t. skuldbindingar
10. Peningaleg staða
11. Eigið fé

Auk framangreindra lykilupplýsinga um heildarfjárhæðir og hlutföll hafa þær einnig verið reiknaðar á hvern íbúa til samanburðar milli sveitarfélaga. Við athuganir á einstökum sveitarfélögum eru samstæðureikningsskil einnig skoðuð en mjög mismunandi er hve mikil áhrif B-hluti reikningsskilanna hefur á fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga. Einnig er litið til þeirra ábyrgða sem sveitarfélög eru í vegna eigin stofnana og fyrirtækja, sbr. 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

5.2 Samskipti eftirlitsnefndar við sveitarstjórnir

Í júní árið 2010 sendi eftirlitsnefndin bréf til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landsins þar sem gerð er grein fyrir hlutverki nefndarinnar og skyldum sveitarstjórna varðandi fjármál þeirra. Meðal annars var greint frá þeim viðmiðum og lykiltölum sem nefndin hefur sett fram

við mat á rekstrarafkomu, skuldum og skuldbindingum. Í nýjum sveitarstjórnarlögum er m.a. kveðið á um tiltekið skuldaþak með hliðstæðum hætti og eftirlitsnefndin hefur haft til viðmiðunar í störfum sínum.

Í september 2011 sendi nefndin sveitarstjórnnum bréf í þeim tilgangi að miðla ítarlegri fjárhagslegum upplýsingum til kjörinna fulltrúa, auðvelda samanburð á rekstrarlegum og fjárhagslegum stærðum milli sveitarfélaga og skapa umræðu um fjármál þeirra. Bréfinu fylgdi yfirlit um nokkrar lykiltölur úr ársreikningum allra sveitarfélaga í landinu.

Í framangreindu bréfi voru samandregnar upplýsingar úr rafrænum skilum sveitarfélaganna á ársreikningum þeirra fyrir árið 2010. Heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta reikningsskilanna hafa lækkað úr 154% af heildartekjum árið 2009 í 146% á árinu 2010, eða úr 262 milljörðum króna í 254 milljarða. Heildarskuldir A- og B-hluta, þ.e. samstæðu sveitarfélaga, hafa lækkað á sama tíma úr 269% af heildartekjum í 255%, eða úr 599 milljörðum króna í 586 milljarða, sbr. eftirfarandi töflu í mynd 7. Auk niðurstöðu ársreikninga fyrir árin 2008–2010 má sjá á mynd 7 hvernig sveitarfélögin hafa áætlað fjármál sín fyrir árið 2011.

Mynd 7

A-hluti

	Áætlun							
	2011		2010		2009		2008	
Heildartekjur	176	100%	173	100%	171	100%	167	100%
Framlegð	14,3	8,1%	11,5	6,7%	10,6	6,2%	6,3	3,8%
Veltufé frá rekstri	13,2	7,5%	12,3	7,1%	10,3	6,0%	15,0	9,0%
Skuldir og skuldbindingar	253	144%	254	146%	262	154%	246	147%
Nettó skuldir og skuldbindingar	180	102%	179	103%	182	106%	164	98%

Fjárhæðir í ma.kr.

Samstæða

	Áætlun							
	2011		2010		2009		2008	
Heildartekjur	237	100%	230	100%	223	100%	213	100%
Framlegð	46,2	19,5%	39,0	17,0%	36,0	16,1%	28,1	13,2%
Veltufé frá rekstri	36,0	15,2%	31,2	13,6%	26,6	12,0%	27,6	12,9%
Skuldir og skuldbindingar	577	243%	586	255%	599	269%	539	253%
Nettó skuldir og skuldbindingar	470	198%	469	204%	494	222%	440	206%

Fjárhæðir í ma.kr.

Í samskiptum við sveitarstjórnir hefur eftirlitsnefndin lagt áherslu á viðmið sín um heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, sem og um framlegð rekstrar í A-hluta reikningsskilanna. Er við það miðað að til frekari skoðunar komi á fjármálum sveitarfélags þar sem heildarskuldir eru yfir 150% af heildartekjum í A-hluta reikningsskilanna, þ.e. sveitarsjóðs. Við frekari athuganir verður einnig horft til nettó skulda sveitarfélags en það eru heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum peningalegum eignum, öðrum en þeim sem tengjast eigin fyrirtækjum. Hjá nokkrum sveitarfélögum veitir athugun á nettó skuldum betri mynd af fjárhagsstöðunni en þegar heildarskuldir og skuldbindingar eru skoðaðar einar og sér. Auk þessa er litið til framlegðar frá rekstri, veltufjár frá rekstri og annarra þátta.

Til viðbótar framangreindum fjárhagslegum viðmiðum kynnti nefndin einnig viðmið um veltufé frá rekstri. Þegar miðað er við 150% skuldahlutfall og 15% framlegð rekstrar er rökrétt að gera ráð fyrir að veltufé frá rekstri þurfi að minnsta kosti að vera 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum af langtímalánum með 20 ára greiðslutíma. Sé skuldahlutfall sveitarfélags 150% af heildartekjum og veltufé frá rekstri lægra en 7,5% af heildartekjum má leiða líkum að því að sveitarfélag geti ekki sinnt, að minnsta kosti að hluta til, skyldum sínum til að greiða afborganir af lánum öðruvísi en með viðbótar lántöku eða öðru innstreymi fjármagns, svo sem sölu eigna. Sjóðstreymi með þeim hætti er ekki vænlegt fyrir fjárhag sveitarfélags til lengri tíma litið. Framsetning á framangreindum viðmiðum tekur ekki tillit til fjárfestinga sveitarfélags. Litið til fjárfestinga þarf að koma til fjármagn sem fæst annað hvort með lántökum eða veltufé frá rekstri sem er umfram 7,5% viðmið um veltufé frá rekstri.

Samkvæmt ársreikningum sveitarfélaganna árið 2010 eru 20 sveitarfélög með skuldir og skuldbindingar umfram framangreind viðmið eftirlitsnefndar í A-hluta reikningsskilanna, þ.e. 150% af heildartekjum, en 29 sveitarfélög þegar litið er á bæði A- og B-hluta. Horft til nettóskulda eru 14 sveitarfélög með skuldir umfram viðmið nefndarinnar en 22 sveitarfélög þegar litið er á bæði A- og B-hluta. Á árinu 2010 var rekstrartap á A-hluta hjá 38 sveitarfélögum.

Meðfylgjandi áðurnefndu bréfi var yfirlit fyrir A-hluta reikningsskila sveitarfélaga annars vegar og hins vegar fyrir A- og B-hluta. Yfirlitin sýna nokkrar fjárhæðir og lykiltölur um niðurstöður fjármála sveitarfélaga samkvæmt rafrænum skilum þeirra á ársreikningum 2010 og fylgja þau með skýrslu þessari. Þar er sveitarfélögum raðað eftir landsvæðaskiptingu samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í þeim má sjá samanburð skulda og skuldbindinga og framlegðar sem gefur annars vegar mynd af stöðu einstakra sveitarfélaga og hins vegar meðaltal lykiltalna í hverjum landshluta.

Í yfirlitunum voru einnig birtar nokkrar lykiltölur um fjármál úr A-hluta reikningsskila sveitarfélaga, dregnar saman í fjóra flokka eftir íbúafjölda:

Mynd 8							
A-hluti 2010	Fjöldi		Skuldir og skuldbindingar	Nettó skuldir	Fjárhæðir á íbúa / þús.kr.		
	Íbúafjöldi	sveitarfélaga			Heildartekjur	Skuldir og skuldbindingar	Nettó skuldir
Íbúafjöldi 10.000 >	216.903	6	143%	100%	520	742	518
Íbúafjöldi 4.000 - 10.000	40.215	7	175%	136%	551	963	747
Íbúafjöldi 1.000 - 4.000	42.192	20	167%	120%	605	1.012	725
Íbúafjöldi < 1.000	18.320	43	87%	49%	693	604	340
Samtals landið	317.630	76	146%	103%	545	798	564

Þessi samanburður á flokkun sveitarfélaganna eftir íbúafjölda leiðir í ljós að nettó skuldir minnstu sveitarfélaganna eru um 49% af heildartekjum en hlutfallið er hæst hjá sveitarfélögum með fjögur þúsund til tíu þúsund íbúa, eða um 136%.

6. Sérstakar aðgerðir – Samningar við sveitarfélög

Á árinu 2011 greip eftirlitsnefndin ekki til sérstakra aðgerða vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélags. Aftur á móti gerði nefndin samninga við þrjú sveitarfélög um fjárhagslegar úttektir sem unnið var að á árinu. Unnið var áfram með einn samning frá fyrra ári vegna sérstakra aðgerða og áfram var fylgst með þróun mála vegna starfa fjárhaldsstjórnar í einu sveitarfélagi.

6.1 Svalbarðshreppur

Í framhaldi af samskiptum eftirlitsnefndarinnar við sveitarstjórn Svalbarðshrepps tilkynnti sveitarstjórn, með vísan til 75. gr. sveitarstjórnarlaga, um fjárþröng sveitarfélagsins. Með bréfi dags. 27. janúar 2011, óskaði sveitarstjórnin formlega eftir aðstoð nefndarinnar við úrlausn á fjárhagsvanda sveitarfélagsins. Með samningi við sveitarstjórnina, dags. 4. mars 2011, var fyrir milligöngu nefndarinnar gert samkomulag við óháðan ráðgjafa um fjárhagslega úttekt á fjármálum sveitarfélagsins og skyldi skýrsla liggja fyrir í apríl 2011.

Hlutverk ráðgjafans fólst í því að gera almenna úttekt á rekstri og fjárhag sveitarfélagsins og leggja fram tillögur um lausn á rekstrar- og fjárhagsvanda þess sem miði að því að fullum jöfnuði verði náð í rekstri sveitarfélagsins árin 2011–2014. Lokaskýrsla um úttektina lá fyrir í október 2011. Ágreiningur við samstarfssveitarfélag Svalbarðshrepps um útreikning á samstarfssamningi milli sveitarfélaganna varð á hinn bóginn þess valdandi að ekki var unnt að ljúka skýrslunni innan tilsettra tímamarka.

Í skýrslunni kom fram að fjárhagsstaða sveitarfélagsins væri viðunandi að teknu tilliti til leiðréttinga á uppgjöri vegna samrekstrar sveitarfélaganna en að mati skýrsluhöfundar hefur sá útreikningur ekki verið réttur. Niðurstaða hans byggir á útreikningi sem hann framkvæmdi og er notaður sem forsenda fjárhagsáætlana fyrir árin 2011–2014. Í lok árs 2011 stóðu viðræður enn yfir milli sveitarfélaganna um uppgjör vegna árána 2009–2010. Nauðsynlegt er að viðræðurnar um endanlega kostnaðarskiptingu verði leiddar til lykta sem fyrst og fylgist nefndin náið með framgangi málsins.

6.2 Vesturbyggð

Þann 15. ágúst 2011 gerðu eftirlitsnefndin og bæjarstjórn Vesturbyggðar með sér samning um úttekt á fjármálum sveitarfélagsins og möguleikum til hagræðingar í rekstri. Að undangengnum samskiptum við nefndina var ákveðið að bæjarstjórn gerði samning við óháðan ráðgjafa um úttekt á fjármálum sveitarfélagsins. Meðal verkefna hans var að vinna að fjárhagsáætlun fyrir árin 2012–2015 þar sem unnið yrði að lækkun rekstrarútgjalda og aukningu tekna. Ráðgjafinn skilaði samkvæmt áætlun skýrslu í desember 2011 og í framhaldi af því lagði bæjarstjórn fram fjárhagsáætlun fyrir árin 2012–2015.

Eftir yfirferð eftirlitsnefndar á skýrslu ráðgjafans, fjárhagsáætlunum og forsendum sveitarfélagsins, var það mat nefndarinnar fyrir á yfirstandandi ári að ekki væri ástæða til frekari aðkomu hennar að fjármálum Vesturbyggðar að svo stöddu.

6.3 Sandgerðisbær

Fjármál Sandgerðisbæjar hafa verið til umfjöllunar hjá eftirlitsnefndinni síðustu misseri vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Í framhaldi af samskiptum við nefndina óskaði bæjarstjórnin eftir samstarfi við nefndina um könnun á fjárhag sveitarfélagsins og 1. nóvember 2011 var ritað undir samkomulag þess efnis. Markmiðið var að vinna að úttekt á rekstri og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og gera tillögur um aðgerðir til hagræðingar í rekstri. Samningurinn hljóðaði á þá leið að bæjarstjórn skyldi ráða óháðan aðila sem skyldi m.a., í samstarfi við hana, gera tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árin 2012–2015. Vinnu þessari skyldi vera lokið í febrúar 2012.

Í árslok 2011 stóð vinna ráðgjafa yfir og skilaði hann skýrslu um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins fyrir á yfirstandandi ári. Fjármál þess hafa verið til meðferðar hjá eftirlitsnefndinni það sem af er árinu 2012.

6.4 Sveitarfélagið Álftanes

Í skýrslu eftirlitsnefndarinnar fyrir árið 2010 er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda þess að nefndin lagði til að Sveitarfélaginu Álftanesi yrði, með vísan til 76. gr. sveitarstjórnarlaga, skipuð fjárhaldsstjórn sem hefði forystu um endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins.

Fjárhaldsstjórnin er enn að störfum og unnið er samkvæmt tillögum um endurskipulagningu fjármála sveitarfélagsins. Samningar við lánardrottna hafa reynst tímafreakari en gert hafði verið ráð fyrir. Viðræður og athuganir hafa jafnframt farið fram um möguleika á sameiningu við annað sveitarfélag.

6.5 Bolungarvíkurkaupstaður

Samningur eftirlitsnefndarinnar og Bolungarvíkurkaupstaðar sem gerður var 7. október 2008 um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit gilti til ársloka 2011. Hann, ásamt viðbótarsamningi frá 17. febrúar 2009, fól í sér samkomulag um margþættar aðgerðir til lausnar á fjárhagsvanda bæjarfélagsins. M.a. skuldbatt sveitarfélagið sig til að hækka útsvar og þjónustugjöld og lækka rekstrarkostnað. Jafnframt voru lántökur bannaðar án samþykkis eftirlitsnefndar. Þá var gert ráð fyrir sérstöku framlagi úr Jöfnunarsjóði og lækkun skulda með samningum við tiltekna lánardrottna með aðstoð eftirlitsnefndar, þar á meðal við Íbúðalánasjóð. Sjóðurinn hafnaði aftur á móti að hluta til þeirri niðurfærslu skulda sem samkomulagið gerði ráð fyrir.

Fjármál Bolungarvíkurkaupstaðar hafa verið til meðferðar hjá eftirlitsnefnd samkvæmt framangreindum samningi en þar sem Íbúðalánasjóður hafnaði að hluta til umbeðinni niðurfærslu hefur hin fjárhagslega endurskipulagning ekki náð fram að ganga eins og

samkomulagið gerði ráð fyrir. Eftirlitsnefndin telur að allar forsendur hafi verið til þess að samkomulagið gengi eftir:

1. Við gerð samkomulagsins samþykkti Íbúðalánasjóður beiðni eftirlitsnefndar um að afskrifa strax helming umbeðinnar fjárhæðar og „frysta“ helminginn í eitt ár en að því tímabili loknu yrði málið tekið til endurskoðunar í samráði við eftirlitsnefndina og viðkomandi ráðuneyti.
2. Það var mat eftirlitsnefndar, eftir að eitt ár var liðið af samningstímanum, að sveitarfélagið hefði staðið við sinn hluta samningsins og því hafi forsendur verið til að ganga frá síðari hluta niðurfærslu Íbúðalánasjóðs.
3. Lánardrottinnar sem að samkomulaginu komu, svo sem Lánasjóður sveitarfélaga, settu það skilyrði fyrir sinni aðkomu að fyrirgreiðslu að síðari hluti niðurfærslu Íbúðalánasjóðs kæmi til framkvæmda. Þegar í upphafi var því öllum sem að samkomulaginu stóðu ljóst að þær fjárhagslegu aðgerðir og endurskipulagning, sem sem gert var ráð fyrir, gengi ekki eftir nema síðari hluti niðurfærslu Íbúðalánasjóðs kæmi til framkvæmda.

